# UNGMENNAÞING VESTURLANDS

## 25.-27.OKTÓBER 2024 Í ÖLVER

Ungmennaþing Vesturlands verður haldið í sumarbúðunum í Ölver, Hvalfjarðarsveit helgina 25.-27.október.

Um er að ræða samstarfsverkefni sveitafélaga á Vesturlandi, ungmennaráðs Vesturlands og Samtaka sveitafélaga á Vesturlandi (SSV) og er fjármagnað af Sóknaráætlun Vesturlands.

**Markmiðið með þinginu er að:**

- fá ungt fólk af öllu Vesturlandi saman
- stuðla að uppbyggingu í þágu ungs fólks á öllu Vesturlandi
- skapa vettvang fyrir samtal ungmenna við ráðamenn
- kynnast öðrum ungmennum, njóta og hafa gaman

Þátttakendur munu ræða stöðu ungmenna á Vesturlandi frá ýmsum hliðum auk þess sem boðið verður upp á kynningar sem tengjast málefnum ungs fólks og ungmennaráða.

Þingið er ætlað ungu fólki á aldrinum 14 – 25 ára.
Fjöldi þátttakenda er takmarkaður við 40 manns og er lágmarksfjöldi tryggður frá hveru sveitarfélagi. Þátttakendum yngri en 18 ára þarf að fylgja ábyrgðaraðili.

Þátttaka er gjaldfrjáls og innifalið í þátttöku er gisting, matur, vinnugögn og annað tilheyrandi.
Ferðakostnaður er á höndum sveitafélaganna sjálfra.

**Skráningafrestur er til og með 18.október 2024**

Hægt er að smella hér til að skrá sig

SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

Ef upp vakna spurningar, hafið samband við **Sigurstein Sigurðsson**, sviðstjóra Menningar- og velferðarsviðs SSV
**S:** 433-2313 / 698-8503 **E:** sigursteinn@ssv.is